REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. grein, skal lagt vörugjald í eftirfarandi fjórum gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar bensínbifreiðar	Sprengirými aflvélar dísilbifreiðar	Gjald í %
I	0-1400	0-1900	30
II	1401-2000	1901-2500	40
III	2001 - 2500	2501-3000	60
IV	yfir 2500	yfir 3000	75

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. Við bætist nýr töluliður er verður 1. tölul. en töluröð síðari töluliða breytist samkvæmt því.

Orðast hann svo: 5% vörugjald: Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni.

b. e-liður 2. tölul. fellur brott.

3. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 9. gr. reglugerðarinnar kemur: tólf.

4. gr.

Við 19. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vörugjald af skráningarskyldu ökutæki vera greitt við skráningu þess, þó aldrei síðar en tólf mánuðum frá tollafgreiðslu þess.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. reglugerðarinnar:

a. 4. tölul. orðast svo: Af leigubifreiðum til fólksflutninga skal vörugjald lækka um 3/4 hluta þess sem gjaldið er umfram 30%. Að teknu tilliti til eftirgjafar verður því gjald sem hér segir, sbr. 3. gr.:

Flokkur	Sprengirými aflvélar bensínbifreiðar	Sprengirými aflvélar dísilbifreiðar	Gjald í %
I	0-1400	0-1900	30
II	1401-2000	1901-2500	32,5
III	2001-2500	2501-3000	37,5
IV	yfir 2500	yfir 3000	41,25

b. Við bætist nýr töluliður er verður 5. tölul. sem orðast svo: Af hópferðabifreiðum sem skráðar eru fyrir 10-17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa, skal vörugjald lækka í 20%.
c. Við bætist nýr töluliður er verður 6. tölul., sem orðast svo: Af fólksbifreiðum sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum er hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu skal vörugjald lækka í 30%.

6. gr.

2. tölul. 24. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Tekjur kaupanda af leiguakstri hafi a.m.k. tvö af síðustu þremur árum fyrir kaup nýrrar bifreiðar verið a.m.k. 70% af heildartekjum hans og skattskyldar árstekjur af leiguakstri eigi lægri en 1.080.000 krónur þessi tvö ár. Fjárhæð þessi breytist árlega í samræmi við skattvísitölu eins og hún er ákveðin í fjárlögum ár hvert.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar:
a. 1. tölul. orðast svo: Innan fimm ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf skv. 2. tölul. 22. gr. og 1.-3. og 5. tölul. 23. gr.
b. Við bætist nýr tölul. er verður 3. tölul. sem orðast svo: Innan tveggja ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf skv. 6. tölul. 23. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi , sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 29 13. apríl 1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sbr lög um breyting á þeim lögum nr. 41 7. mars 1995, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1995.

Friðrik Sophusson.

Jón Guðmundsson.

24. mars 1995 Nr. 170

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu vörugjalds af hópferðabifreiðum.

1. gr.

Hópferða- og sérleyfishafar og fjármögnunarleigur sem keypt hafa hópferðabifreiðar á tímabilinu 1. júlí 1993 til 1. mars 1995 skulu fá endurgreitt vörugjald af þessum bifreiðum, svo sem hér segir:
1. Af hópferðabifreiðum fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni skulu tveir þriðju hlutar greidds vörugjalds endurgreiddir.
2. Af hópferðabifreiðum fyrir 10-17 manns að meðtöldum ökumanni skal einn þriðji hluti greidds vörugjalds endurgreiddur.